

VIÐAUKI XI
Kvikasilfursvörur.

Á kvikasilfursvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilli-efnagjald.

Úr 28. og 30. kafla tollskrárinnar:

Úr 2805	Alkalí- eða jarðmálmar; sjaldgæfir jarðmálmar, skandín og yttrín, einnig innbyrðis blöndur þeirra eða málmblendi; kvikasilfur:	
2805-4000 – Kvikasilfur		900 kr./kg
Úr 3006	Vörur til lækninga sem tilgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla:	
	– Tannsement og annað tannfyllingarefni; beinmyndunarsement:	
3006-4002 – – Silfuramalgam til tannfyllinga		900 kr./kg

AUGLÝSING
um skipulag í Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann:

19. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag á Torfnesi, Ísafirði,
 25. maí 2000 samþykkt deiliskipulag lóðarinnar Hafnarstræti 7, Ísafirði,
 3. mars 2000 samþykkt deiliskipulag neðan Aðalgötu, Suðureyri, Ísafjarðarbæ.
- Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafjarðarbæ, 8. ágúst 2000.

Ármann Jóhannesson skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING
um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Silung ehf., fiskeldisstöð, undir Vogastapa, Vogum, Vatnsleysutrönd, kt. 631192-2119. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. maí 2002.

Reykjavík, 4. ágúst 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Leifur Eysteinnsson forstjóri.

*Þór Tómasson
staðgengill forstöðumanns.*